Bráðabirgðalög

Nr. 24.
16. ágúst.

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að nauðsyn beri bráðlega til vegna viðskiftalífsins að auka gjaldmiðil í landinu um stundarsakir og að því sje óhjákvæmilegt að auka seðlafúlgu Íslandsbanka, en vegna þess, hve erfitt er að útvega gull, þyki eigi gjörlegt að krefjast nú þegar frekari málmforða til tryggingar seðlafúlgunni, en nú er fyrir hendi. Hins vegar ætti þessi þörf á seðlaaukningu að hverfa undir lok yfirstandandi árs, þar eð gjöra má ráð fyrir, að þá hafi allmikið selst af innlendum afurðum. Vjer verðum því að telja brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, er veiti ríkisstjórninni heimild til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leyfa Islandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, sem hann nú hefir, með þeim skilyrðum og á þann hátt, sem ríkisstjórnin tiltekur nánar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. desember 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 16. ágúst 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.